



Svar við fyrirspurn

Til: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjárfestingarverkefni þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030087

Á fundi Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 14. október 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 13 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

„Fyrirspurn frá fulltrúa Flokks fólksins um af hverju fjárfestingaverkefni eru færð í eignasjóð. Tekið er eftir því að fjárfestingaverkefni eru færð í eignasjóði (ES) þ.e. eru eignfærð og síðan færð á rekstur miðlægt eftir afskriftartíma. Hvernig stendur á því að 10 milljarðarnir eru eignfærsluverkefni sem ekki kemur fram í rekstri fyrir en byrjað er að afskrifa? Spurt er um þetta vegna þess að það er sérstakt ef allur kostnaður við stafræna umbreytingu (10 milljarðar) er fært sem fjárfesting á eignasjóð. Margt af því snýst ósköp einfaldlega um að það sé verið er að innleiða ný vinnubrögð og leggja af eldra vinnulag. Taka má dæmi um skönnun á teikningum og tengdum skjölum hjá byggingarfulltrúa. Það er búið að vinna slíkt verk hjá sveitarfélögum víða um land. Það hefur engum dottið í hug að færa kostnaðinn við það sem fjárfestingu og ætla síðan að afskrifa hann. Í eignasjóð eru einungis færð verðmæti mannvirkja sem verða afskrifuð. Óskað er skýringar á þessu. Það er t.d. farið mjög varlega víðast hvar í að eignfæra tölvubúnað vegna þess hve hratt þarf að endurnýja hann. Hann er víðast hvar metinn sem rekstrarkostnaður og færður til gjalda á viðkomandi ári. Fulltrúi Flokks fólksins mun skoða að senda erindi til Reikningsskila- og upplýsinganefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins til að fá mat ráðuneytisins á þetta.“

Á fundi ráðsins þann 11. nóvember 2021 var málinu vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Að beiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs veitir fjármála- og áhættustýringarsvið umsögn um ofangreinda fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins.

Svar:

Samkvæmt reglugerð 1212/2015, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, er eignasjóður A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélags. Allar eignfærslur A-hluta sveitarfélags eru því bókaðar hjá eignasjóði. Eignasjóður tekjufærir leigutekjur hjá sér og aðalsjóður gjaldfærir sömu fjárhæð, á endingartíma eignar.

Eignir eru eignfærðar þegar þær eru nýttar reglulega eða samfelld í rekstri í lengri tíma en eitt ár og þegar efnahagslegur framtíðarávinningur tengdur eignunum mun nýtast. Eignin er síðan afskrifuð á áætluðum endingartíma. Markmiðið með eignfærslum er að dreifa kostnaði á nýtingartíma eignarinnar.

Til varanlegra rekstrarfjármuna teljast meðal annars fasteignir, land, gatnakerfi sem og áhöld og tæki. Tölvubúnaður telst til áhalda og tækja og er því heimilt að eignfæra hann hjá eignasjóði. Kaup á smááhöldum skal hinsvegar gjaldfæra á viðkomandi rekstrareiningar í samræmi við almennar reikningsskilareglur. Samkvæmt 16. gr. ársreikningalaga er heimilt að eignfæra óefnislegar eignir og þróunarkostnað að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna. Þær eignir sem eignfærðar eru hjá eignasjóði, skal leigja til viðkomandi rekstrareininga aðalsjóðs. Leiga skal samanstanda af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði.

Í aðalsjóði er hefðbundin starfsemi sveitarfélags, er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum, sem eru að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum. Í samræmi við reglugerð 1212/2015 eru engir varanlegir rekstrarfjármunir eignfærðir í aðalsjóði. Rökin fyrir þessari aðgreiningu eru að þannig náist betur utan um árlegan raunkostnað verkefna hjá aðalsjóði. Aðalsjóður og eignasjóður er einn lögaðili.

Reykjavíkurborg fylgir almennum reglum hvað varðar eignfærslur. Í gildi eru eftirfarandi verklagsreglur varðandi eignfærslur:

FMS-VLR-129 Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna.
FMS-VLR-024 Afskriftir á fastafjármunum.
FMS-VLR-130 Fjárhæðarmörk eignfærslu og gjaldfærslu rekstrarfjármuna.
FÁST-VLR-154 Bókhaldsleg meðferð þróunarverkefna.

Í fyrirspurninni er tekið dæmi af skönnun á teikningum og tengdum skjölum hjá byggingarfulltrúa. Því er til að svara að ekki er einungis verið að innleiða ný vinnubrögð og leggja af eldra vinnulag heldur er verið að kaupa og/eða þróa ný kerfi sem síðan er unnið í. Því er um þróunar- og innleiðingarkostnað að ræða. Teikningaskönnun fellur hér undir þar sem full virkni þess kerfis sem um er að ræða, næst ekki og skilar þar með ekki þeirri hagræðingu og ávinningi fyrir starfsemi borgarinnar sem gert er ráð fyrir, fyrir en búið er að færa öll gögn, í þessu tilfelli teikningar, af hliðrænu (e. analog) formi þ.e. pappír, yfir á stafrænt (e. digital) form.

Hér er því um að ræða innleiðingarkostnað á nýju kerfi og tilheyrandi umbreytingu gagna af hliðrænu (e. analog) formi og yfir í stafræn (e. digital) form til að hægt sé að klára innleiðingu og nýta fulla virkni kerfisins. Önnur sveitarfélög hafa sannarlega þegar fjárfest í slíkri vinnu og eignfært með sama hætti og Reykjavíkurborg gerir nú.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Afrit:
Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Ítarefni - vinnugögn:

Úr 23. gr. bókhaldslaga, nr. 145/1994

■ 23. gr.

[Á efnahagsreikning eru færðar á kerfisbundinn hátt eignir, skuldir, þ.m.t. skuldbindingar, og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda.

Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

2. mgr. 28. gr. bókhaldslaga

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði, sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim, fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Úr 2. gr. reglugerðar 1212/2015

„Eignasjóður er A-hluta stofnun sem leigir út varanlega rekstrarfjármuni til stofnana og fyrirtækja sveitarfélags samkvæmt óskum þeirra og þörfum. Hann innheimtir leigu (svonefnda innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér yfir lengri tíma. Til slíks kostnaðar teljast fjármagnskostnaður vegna viðkomandi rekstrarfjármuna, afskriftir, skattar og tryggingar og viðhaldskostnaður, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsjúslu.“

12. gr. reglugerðar 1212/2015

„Kaup á smááhöldum skulu gjaldfærð á viðkomandi rekstrareiningar í samræmi við almennar reikningsskilareglur. Þau áhöld og tæki sem eignfærð eru hjá eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun skal leigja til viðkomandi rekstrareininga. Leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsjúslukostnaði en viðhald, tryggingar og annar rekstrarkostnaður skal gjaldfærður hjá leigutaka nema um annað verði samið í samningi milli leigusala og leigutaka.

Afskriftatími og leigutímabil áhalda og tækja skal taka mið af áætluðum nýtingartíma viðkomandi eignar.“

Sótt af vef Fjársýslu ríkisins

<https://www.fjs.is/fraedsla-og-verklagsreglur/spurt-og-svarad/>

Eignfærsla og afskriftir hugbúnaðar?

Frá ársbyrjun 2017 var kostnaður vegna óefnislegra réttinda eða þróunar hugbúnaðar eignfærður hjá ríkisaðilum. Niðurfæra skal með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal ríkisaðili gera grein fyrir því í skýringum í ársreikningi.

Eignfærður viðhaldskostnaður

Eignfæra skal verulegar endurbætur á fasteign og breytingar á vélum og tækjum. Dæmi: Gagnger endurinnrétting á húsnæði, aukinn sveigjanleiki í innra skipulagi, endurnýjun á gólfefni, sérviðbætur / breytingar á bifreiðum og öðrum tækjum o.s.frv.

Loftræstikerfi sem og aðrar innréttingar í húsnæði flokkast sem varanlegir rekstrarfjármunir og eiga að færast í eignaskrá.

Í þeim tilvikum að um leiguhúsnæði er að ræða þá afskrifast viðkomandi fjármunur á eftirstöðvum leigutímans, sé viðkomandi fjármunur ekki færarlegur.